

67

11. sept.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 86 22. des. 1956, um útflutningssjóð o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að breyta nú þegar lögum nr. 86 1956, um útflutningssjóð o. fl., að því er varðar innheimtu yfirfærslugjalds.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Í 16. gr. b. lið laga um útflutningssjóð o. fl. falli niður orðið „skipaleigum“.

2. gr.

Síðasti málsliður 2. málgr. 15. gr. laganna skal hljóða svo: Ríkisstjórnin getur þó undanþegið yfirfærslugjaldi skipaleigur, nauðsynleg skipagjöld og flugvélagjöld erlendis að nokkru eða öllu leyti og sett þau skilyrði um það, er þurfa þykir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. september 1957.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

Stjórnartíðindi 1957, A. 8.

68

26. sept.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 66/1945, um útsvör.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að hann telji, að upphæð álagðra útsvara hafi af ýmsum ástæðum hækkað svo mjög á síðari árum, að brýna nauðsyn beri til að breyta ákvæði 2. málsliðar 26. gr. gildandi útsvarslaga þannig, að yfirskattanefnd og ríkisskattanefnd verði heimilað, að breyta útsvari, sem kært er yfir, ef það reynist að minnsta kosti 3% of hátt eða lágt, í stað 10% eins og nú er í lögum.

Fellst ég því á, með skírskotun til 28. gr. stjórnarskrárinnar, að gefa út svofelld bráðabirgðalög:

1. gr.

Í stað 10% í 2. málslið 26. gr. komi 3%.

Lög þessi öðlast þegar gildi.
2. gr.

68
26. sept.

Gjört að Bessastöðum, 26. september 1957.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.

AUGLÝSING

69
27. júlí

um framlengingu viðskiptasamnings milli Íslands og Frakklands.

Með erindaskiptum í París 10. apríl 1957 var viðskiptasamningur Íslands og Frakklands frá 6. desember 1951 (Stj.tíð. A. 122/1951) framlengdur til 31. marz 1958.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi viðskiptum milli landanna á svipuðum grundvelli og verið hefur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanrikisráðuneytið, 27. júlí 1957.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

AUGLÝSING

70
27. júlí

um framlengingu viðskiptasamkomulags mill Íslands og Svíþjóðar.

Hinn 27. júní 1957 var undirritað í Stokkhólmi samkomulag um viðskipti milli Íslands og Svíþjóðar á tímabilinu 1. apríl 1957 til 31. marz 1958. Viðskiptasamkomulag þetta er óbreytt frá fyrra ári (Stj.tíð. A. 59/1956).

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanrikisráðuneytið, 27. júlí 1957.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.